

Meningarsaga – Valgrein

Haustmisseri.

Áfangalýsing.

Á fyrri misseri læra nemendur um forsendur sjónlista frá 8. fram á 15. öld. Einnig læra þeir ýmis mikilvægustu hugtök við listsköpun og greiningu sjónlista. Áhersla er lögð á að nemendur þekki ákveðin stílskeið og tímabil listasögunnar, en skoði jafnframt listasöguna sem heild og tengi framangreind tímabil saman. Nemendur læra að greina helstu þætti sjónlista, menningar og þjóðfélagsháttá.

Áfangamarkmið: Þekking, leikni, hæfni.

Að nemandi:

- þekki helstu stílbrigði sjónlista á afmörkuðum tímabilum í sögu Evrópu
- þekki tæknilegar forsendur listsköpunar á afmörkuðum tímabilum í sögu Evrópu
- þekki félagslegar forsendur að baki sjónlistum
- geri sér grein fyrir tengslum samfélagslegra þátta og sjónlista
- geri sér grein fyrir tengslum heimspeki og sjónlista
- geri sér grein fyrir menningarlegu og persónulegu afstæði fagurfræðilegs mats á staðreyndum listasögunnar
- sé fær um að fjalla um forsendur sjónlista á gagnrýninn hátt í ræðu og riti.

Efnisatriði / kjarnahugtök.

- Ýmis grunnhugtök listgreiningar og listsköpunar: Myndbygging, fjarvídd, firðing, jafnvægi, stíll, stefna, straumur
- Upphaf listar, forsagan, hvers vegna listir?
- Víkíngaöldin (800-1050), þráðlist, útskurður, gull- og silfursmíði, byggingarlist, samfélag og siglingar, áhrif utan Norðurlanda
- Rómanskur stíll (11.-12. öld) í byggingarlist og sjónlistum, hringbogi, hvelfing, steinsmíði, krossbogi, mandorla, híbýli, verslun, trúarbrögð
- Gotneskur stíll (1200-1350), byggingarlist, oddbogi, súlnaknippi, rós, steint gler, tækni framfarir, höggmyndir, málalalist, útskurður, mynsturgerð, handritálýsingar, trúarbrögð, lénsskipulag, borgamyndun, arabísk áhrif
- Alþjóðlegur stíll á 14. öld, flæmsk list, frum-endurreisn á 15. öld, endurvakning fjarviddar, listtæknilegar nýjungar, trérista, koparstunga.

Vormisseri.

Áfangalýsing.

Á síðara misseri læra nemendur um forsendur sjónlista frá 15. öld fram til um 20. aldar. Þeir læra að greina sjónlistir, bæði á forsendum listarinnar sjálfar, svo og í tengslum við aðra menningarþætti og þjóðfélagsþætti. Áhersla er lögð á að nemendur þekki stílskeið og tímabil listasögunnar, en skoði hana jafnframt sem heild, tengi framangreind tímabil saman og læri að hvaða marki rætur listar á 20. öld liggi í eldri stílskeiðum. Helstu þræðir í sögu nútímalistar eru raktir og settir í samhengi við samfélagsgerð og samfélagsbreytingar, stjórnarfar, tæknibreytingar, heimspeki og hugmyndafræði, í gegnum fyrirlestra nemenda.

Áfangamarkmið: Þekking, leikni, hæfni.

Að nemandi:

- þekki helstu stílbrigði sjónlista frá 17. öld fram yfir miðja 20. öld
- þekki tæknilegar, félagslegar og hugmyndafræðilegar forsendur listsköpunar frá 17. öld fram yfir miðja 20. öld
- geri sér grein fyrir tengslum samfélagslegra þátta og sjónlista frá 17. öld fram yfir miðja 20. öld
- geri sér grein fyrir áhrifum stjórnmalapróunar og -átaka á sjónlistir
- geri sér grein fyrir áhrifum nútímatækni á sjónlistir
- geri sér grein fyrir áhrifum fjölmiðla á sjónlistir
- geri sér grein fyrir menningarlegu og persónulegu afstæði fagurfræðilegs mats á staðreyndum listasögunnar
- sé fær um að fjalla um forsendur listar á gagnrýninn hátt í ræðu og riti.

Efnisatriði / kjarnahugtök.

- Háendurreisn á 16. öld, byggingarlist, samhverfa, klassísk áhrif, hvolfþak, höggmyndalist, marmari, bronssteypa, breytt þjóðfélagsstaða listamannsins, málalalist, freska, egg-tempera, olúmálverk, rétt fjarvídd, hlutfallakenningar, sfumato, prentlistin, kapitalismi, húmanismi, einstaklingshyggja, borgarmenning, trúarbrögð, trúarbragðadeilur, höfðingjaveldi, vísindi, tækniframfarir, siglingar, landafundir, maníerismi, sotto in sú.
- Barokkstíllinn (1600-1750), byggingarlist, ósamhverfa, skraut, mynstur, málverk, chiaroscuro, tegundamálverk (genre), höggmyndalist, borgaralýðræði, einveldi,

- hirðlist, galdrabrennur, verslun, siglingar, heimsveldi, upplýsing, efahyggja
- Umbrot og afturhvarf (1750-1860), rókokó, nýklassík, rómantík, keisarastíll, byggingarlist, stílstælingar, járnarkitektúr, málverk, sögumálverk, salonstíll, akademísk list, vatnslitir, höggmyndalist, steinprent, iðnbyltingin, tæknibylting, heimsverslun, stjórnsmál, franska byltingin, borgarastétt, lýðræði, náttúrufræði
 - Impressjónismi, póstimpressjónismi, áhrif japanskrar listar, pointillismi, sýmbólismi, saloninn, málverk, steinþrykk, tilvistarspeki
 - Expressjónismi, fávismi, ungstíll, aldaðvörf, trúarbrögð, bóhem, málverk, skúlptúr, grafík (trérista), hönnun, steinsteypa, háhýsi, fyrri heimsstyrjöldin, Nietzsche
 - Kúbismi, fúturismi, afrísk list, nútímahyggja, málverk, skúlptúr, samklipp, gjörningalist, leirker, grafík
 - Dada, súrrealismi, ready-made (tilgjörvingur), andlist, málverk, skúlptúr, gjörningar, ljósmyndun, kvikmyndun, handahóf, sálgreining, stjórnsmálaleg afstaða, fyrri heimsstyrjöldin, Freud, Marx
 - Geómetría, konstrúktívismi, alþjóðlegur stíll, nytjastíll, Bauhaus, De Stijl, óhlutbundin list, málverk, skúlptúr, grafík, nytjalist, byggingarlist, seinni heimsstyrjöldin
 - Abstrakt expressjónismi, ljóðræn óhlutbundin list, málverk, skúlptúr, grafík, kalda stríðið, Hiroshima
 - Popplíst, kvikmyndun; íslensk list og áhrif erlendra strauma á hana á 20. öld.

Námsmat.

Námsmat byggist á símati fólgnu í umræðuþátttöku, verkefnum og prófum á hvoru misseri. Próf (2 pr. misseri, alls 4talsins) gilda um 60% af einkunn, fyrirlestur nemenda um 20% og önnur verkefni / mat kennara á iðni og ástundun gildir um 20%.

Kennsluefni:

- a. Meginkennsluefni: Glærur kennara og bókin Saga listarinnar eftir E.H. Gombrich.
- b. Valdar heimildamyndir.
- c. Safnaheimsóknir.